



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIMSPING UM HÖFIN

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í morgun, fimmtudaginn 23. febrúar, setningarræðu á heimspingi um höfin, World Oceans Summit, sem hið þekktu vikurit The Economist efnir til í Singapore. Að ræðunni lokinni sat forseti fyrir svörum hjá ritstjóra The Economist John Micklethwait.

Heimspingið sækja um 200 sérfræðingar í haffræði og sjávarútvegi, forystufólk alþjóðastofnana og alþjóðasamtaka, stjórnendur fyrirtækja og rannsóknarstofnana. Þátttakendur eru einkum frá Evrópu, Asíu og Ameríku. Bankastjóri Alþjóðabankans, Robert Zoellick, verður aðalræðumaður á síðara degi heimspingsins en Alþjóðabankinn sinnir aðallega hagsæld og efnahagslífi í þróunarlöndum.

Í ræðu sinni fjallaði forseti um nauðsyn þess að efla rannsóknir á höfunum og auðlindum þeirra, rakti reynslu Íslendinga og skipulagningu veiða á grundvelli vísindalegra rannsókna. Einnig fjallaði hann um þróun samstarfs á Norðurslóðum og hvernig íslenskur sjávarútvegur hefur verið frjór jarðvegur fyrir tæknifyrirtæki á ýmsum sviðum. Framfarir í upplýsingatækni hefðu nú gert kleift að starfrækja víðtækt eftirlit með veiðum og vinnslu og styrkja þannig sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda. Lýsti forseti hugmyndum um nýtt alþjóðakerfi á þessu sviði sem byggt gæti á reynslu Íslendinga við nýtingu upplýsingatækni í sjávarútvegi.

Á heimspinginu verða margar málstofur sem m.a. fjalla um rannsóknir á höfunum, þróun sjálfbærs og arðbærs sjávarútvegs, alþjóðasamvinnu og valdsvið einstakra ríkja, reynsluna af Hafréttarsáttmálanum og þörfina á nýjum samningum um fiskistofna utan lögsögu ríkja, framtíð Norðurslóða og heimskautasvæða sem og áhrif loftslagsbreytinga á höfin.

Dagskrá heimsþingsins og frekari upplýsingar má finna á
veraldarvefnum: <http://www.economistconferences.asia/event/world-oceans-summit>.

*Setningarræðu forseta og myndir frá heimsþinginu í Singapore má
nálgast á vef forsetaembættisins, forseti.is.*

23. febrúar 2012

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson
skrifstofustjóri (820 4946).*